

Sp.

51. Tillaga til þingsályktunar

[48. mál]

um sumarheimili kaupstaðabarna í sveit.

Flm.: Einar Ágústsson, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna millipinganefnd til þess að gera tillögur um stofnun sumarheimila í sveitum fyrir börn úr kaupstöðum og kauptúnum.

Skal að því stefnt, að á slíkum sumarheimilum hafi börnin viðfangsefni, er geti orðið þeim að sem mestum andlegum og líkamlegum þroska, þ. á m. ræktunarstörf, gæzla húsdýra og umgengni við þau.

Nefndin skal hafa samráð við borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórnir kaupstaða, sveitarstjórnir kauptúnahreppa og barnaverndarráð Íslands.

Ráðherra skipar fjóra nefndarmenn eftir tilnefningu þingflokka, einn frá hverjum, en fimmta nefndarmanninn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skili álitni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það var lengi háttur kaupstaðabúa að koma börnum sínum í sumardvöl á sveitaheimili. Var það eftirsóknarvert og þótti hollt og þroskavænlegt fyrir börnin.

Nú er öldin önnur hvað snertir möguleika á slíkri sumardvöl fyrir börn í sveit. Því veldur hin mikla fólksfækkun, sem orðið hefur á svo að segja hverju einasta sveitaheimili. Þar er ekki lengur sá vinnukraftur innanhúss, sem með þarf, til að sinna þörfum aðkomubarna. Þörfin fyrir sumardvöl kaupstaðabarna í sveit er þó ekki minni en áður, þvert á móti vex hún óðfluga með fólksflutningum til þéttbýlisins. Ýmis félagssamtök í landinu hafa á virðingarverðan hátt leitast við að bæta nokkuð úr þessari þörf, og á vegum Reykjavíkurborgar hefur verið starfræktur vinnuskóli, sem innt hefur af hendi ágætt starf, en þetta hvort tveggja leysir ekki nema að mjög takmörkuðu leyti það viðfangsefni, sem hér um ræðir.

Af þessu hefur það leitt, að foreldrar í kaupstöðum hafa neyðzt til að koma börnum sínum á barnaskólaaldri til starfa á hinum almenna vinnumarkaði, þegar ekki er um skólagöngu þeirra að ræða. Eru mörg dæmi þess, að börn hafa verið sett til þeirra starfa, sem ekki verða talin þeim holl eða hættulaus, hvorki andlega né líkamlega.

Hér er tvöföld hættu á ferðum. Annars vegar sú, að kaupstaðabörn missa af þeim skóla, sem sveitin og sveitalífið hefur verið börnum landsins, hins vegar ráðast þau til þeirra starfa við sjávarsíðuna, sem jafnvel geta orðið þeim viðsjárverð, eða þau hafa engin sérstök viðfangsefni við að fást.

Að sjálfsögðu er það mikið verkefni að koma upp dvalarheimilum í sveitum fyrir kaupstaðabörn. En víst má telja, að svo mikill reynist skilningur Alþingis, bæjar- og sveitarstjórna og foreldra á þessari þörf, að fljótlega verði hafizt handa í þessum efnum, ef skipulega er að því unnið, og í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.